

Sþ. 490. Tillaga til þingsályktunar [177. mál]

um ráðstefnu ríkja um rýmkun fiskveiðilandhelgi.

Flm.: Einar Olgeirsson, Finnbogí R. Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita áhrifum sínum til þess, að haldin verði sameiginleg ráðstefna allra þeirra ríkja, sem hafa sameiginlega hagsmuni af viðtækri landhelgi, hvað fiskveiðitakmarkanir snertir. Skal ríkisstjórnin hið bráðasta snúa sér til þeirra ríkja, sem þegar er vitað að hafa fiskveiðitakmarkanir gagnvart erlendum þjóðum miðaðar við meira en 3 mílur, og mælast til þess, að athugaðir verði möguleikar á, að slík ráðstefna verði haldin til þess að reyna að samræma aðgerðir þessara ríkja á alþjóðlegum vettvangi, er miða að því að tryggja framkvæmd og viðurkenningu þeirra fiskveiðitakmarkana, er þær telja nauðsynlegar.

Greinargerð.

Þess gerist ei þörf að rekja hér baráttu vor Íslendinga fyrir réttinum til að ráða landgrunni voru og ákveða sjálfir fiskveiðitakmörk við land vort.

Allir munu sammála um nauðsynina á því að afla þessu sjálfstæðismáli voru fylgi á alþjóðavettvangi. Verður æ ljósara, því lengra sem líður, að hér er barizt fyrir einu af grundvallartilveruskilyrðum þjóðarinnar, yfirráðum hennar yfir fiskimiðum sínum.

Það virðist auðsætt, að ein af þeim aðferðum, sem beita þurfi til þess að fá rétt vörn í þessu máli alþjóðlega viðurkenndan og virtan, sé að koma á samstarfi við þær aðrar þjóðir heims, sem svipaðra hagsmuna hafa að gæta og svipaða réttinda-baráttu heyja.

Er því ríkisstjórninni falið með þessari þingsályktunartillögu að beita áhrifum sínum í þá átt, að haldin verði ráðstefna allra slíkra ríkja, er samstarfi vilja hafa með oss Íslendingum í þessu mikilvæga máli.